

Fundur nr. 1 Fundur foreldraráðs 24. okt 2017

Fundurinn var haldinn heima hjá formanni foreldráðsins og hófst kl. 20.00.

Mættir; Halla Sigrún Arnardóttir, Arna Sigurðardóttir, Guðlaug Matthildur Jakobsdóttir, Ingibjörg Ferdinandsdóttir, Sesselja Th. Ólafsdóttir, Helga Viðarsdóttir og Fríður Reynisdóttir, forvarnarfulltrúi MH.

Helga Viðarsdóttir ritar fundinn.

Dagskrá fundarins;

1. Hlutverk foreldraráðs MH
2. Umræða um hlutverk stjórnarfólks
3. Dagskrá vetrarins
4. Önnur mál

1. Hlutverk

Almennar umræður um hlutverk og markmið foreldráðs MH. Fundurinn sammála um að hægt sé að gera betur en áður í að miðla efni til foreldra í gegnum til dæmis facebook síðu foreldraráðsins. Einnig var ákveðið að óska eftir áframhaldandi samstarfi við foreldraráð Kvennaskólans.

Ræddar voru tillögur að málefni sem áhugavert væri að taka fyrir á sameiginlegum foreldrafundi. Fundurinn sammála um að hitta foreldraráð Kvennaskólans og komast þannig að niðurstöðu.

2. Hlutverk fulltrúa

Hlutverk eru sem hér segir:

Arna Sigurðardóttir - meðstjórnandi

Guðlaug Matthildur Jakobsdóttir - meðstjórnandi

Ingibjörg Ferdinandsdóttir - fulltrúi gagnvart heimili og skóla

Sesselja Th. Ólafsdóttir – varafull. gagnvart heimili og skóla

Halla Sigrún Arnardóttir - áheyrnarfulltrúi skólanefnd

Helga Viðarsdóttir - formaður

3. Dagskrá

Það var ekki sett ákveðin dagskrá fyrir veturinn önnur en sú að hitta forráðamenn MH, nemendaráð MH og foreldraráð Kvennaskólans. Eftir þessa fundi verður betur hægt að setja dagskrá. Eini fasti viðburður er kynning á skólanum sem er haldinn í mars á hverju ári. Á kynningunni er fulltrúi foreldraráðs til viðtals við foreldra.

4. Önnur mál

Miklar umræður urðu um nefndarferð MH sem er ekki á vegum skólans. Í ferðinni var áfengi haft um hönd og lögreglan kölluð til. Partýið var haldin á Lyngbrekku í Borgarfirði og foreldrar ekki nægilega upplýstir um ferðina. Fundurinn var sammála um að taka þetta upp á fundi með Lárusi og nemendaráði.

Einnig var rætt hvort taki eigi upp valfrjálsar greiðslur frá foreldrum til þess að foreldraráðið gæti styrkt málaflokk sem hagnaðist nemendum. Edrúpotturinn var nefndur sem dæmi en einnig aðrir kostir svo sem vatnsvélar á göngum skólans. Fundurinn var sammála um að taka þetta fyrir á næsta fundi foreldraráðsins.

Helga boðar næsta fund.

Fundi slitið 22.00